



## Fundargerð hreppsnefndar 25. júní 2015

Fundur

Fundur nr. 24 kjörtímabilið 2014 – 2018

Fundur haldinn í sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps fimmtudaginn 25. júní 2015 í félagsheimilinu Miklagarði kl. 16.00.

Mætt til fundar: Eyjólfur Sigurðsson, Stefán Grímur Rafnsson, Guðrún Hildur Gunnarsdóttir, Einar Björn Kristbergsson, Bárður Jónasson, Hrund Snorradóttir og Magnús Þór Róbertsson.

Einnig sátu fundinn Ólafur Áki Ragnarsson sveitarstjóri og Magnús Már Þorvaldsson, sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Almenn mál:

a. Kosning oddvita sveitarstjórnar til eins árs

Gengið til kosninga um oddvita og kom fram tillaga um Stefán Grím Rafnsson sem oddvita.

Samþykkt með 4 atkvæðum meirihluta að kjósa Stefán Grím oddvita til eins árs. 3 sátu hjá. Tók Stefán Grímur síðan sæti oddvita og fundarstjórn.

b. Kosning 1. varaoddvita og 2. varaoddvita til eins árs

Gengið til kosninga um 1. og 2. varaoddvita og kom fram tillaga um Eyjólf Sigurðsson sem 1.

varaoddvita og Sigríði Elvu Konráðsdóttur sem 2. Samþykkt með 4 atkvæðum meirihluta að kjósa Eyjólf 1. varaoddvita til eins árs og Sigríði Elvu sem 2. varaoddvita. 3 sátu hjá.

c. Else Möller kynnir vangaveltur um framtíð heimahjúkrunar á Vopnafirði

Else Möller kom á fundinn og kynnti hugmyndir sínar. Var Else þökkuð áhugaverð kynningin.

d. Drög að menningarsamningi milli sveitarfélaga á Austurlandi með áorðnum breytingum Samningurinn samhljóða samþykktur með áorðnum breytingum.

2. Bréf til sveitarstjórnar frá:

a. Ásu Sigurðardóttur

Fram fór umræða um málefni sumarstarfa hjá sveitarfélaginu sem var kveikjan að bréfi Ásu Sigurðardóttur.

Framsókn og óháðir óskuðu eftirfarandi bókunar:

„Framsókn og óháðir leggja til að skipulagning á unglíngavinnu verði tekin til gagngerðar endurskoðunar hjá sveitarfélaginu. Fyrir ár hvert sé gerð áætlun um verkefni sumarsins og leitast verði við að ráða vopnfirsk ungmenni til vinnu aldrinum 14 (8. bekkur) til 18 ára.

Við teljum að breyting á verklagi fyrir sumarvinnu 2015 hefði átt að kynna með fyrirvara“. Bárður Jónasson, Víglundur Páll Einarsson og Magnús Þór Róbertsson.

Einar Björn Kristbergsson óskaði eftirfarandi bókunar:

„Ég, undirritaður, harma það að ekki hafi verið betur staðið að ráðningum í sumarstörf 2015 og beini því til hreppsnefndar að betur verði staðið að þessum málum framvegis“.

Samþykkt síðan að fela sveitarstjóra og oddvita að svara bréfitara.

3. Fundargerðir:

a. Hafnarstjórnar dags. 9. maí 2015

Fundargerðin samhljóða samþykkt.

b. Fræðslunefndar dags. 12. maí og 19. júní 2015  
Fundargerðirnar samhljóða samþykktar.

c. Menningarmálanefndar dags. 8. júní 2015  
Fundargerðin samhljóða samþykkt.

d. Stjórnarfundar Arnarvatns dags. 26. maí, aðalfundar Arnarvatns dags. 26. maí og stjórnarfundar Arnarvatns dags. 26. maí 2015.  
Lagt fram til kynningar.

e. Almannaþingarnefndar Múlaþings dags. 15. júní 2015  
Lagt fram til kynningar.

f. Sumarfrí sveitarstjórnar sumarið 2015  
Samþykkt að næsti fundur sveitarstjórnar að afloknu sumarfríi verði fimmtudaginn 20. ágúst nk.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerðin lesin upp og hún samþykkt samhljóða – fundi slitið kl. 17:50.

- [Fundargerð](#)